

SPÆNSKAR BÓKMENNTIR

Bókmenntir hafa gegnt mikilvægu hlutverki í sögu Spánar. Þær spanna allt frá hetjusögum til súrrealisma, frá ótrúlegum ævintýrum *Don Kíkóta* til spænsku borgarastyrjaldarinnar. Líkt og á Íslandi hefur verið lögð mikil áhersla á bókmenntir og bókmenntakennslu skólum Spánar til þessa.

Upphaf spænskra bókmennta má rekja aftur til 12. aldar að „*El Cantar del Mio Cid*“, hetjuljóði sem ritað var á rómanskri tungu og segir sögu þjóðhetjunnar Rodrigo Díaz de Vivar. Auk þess að vera elsta hetjuljóð Spánar telst það einnig einstakt, því það hefur varðveist nánast í heilu lagi.

Saga *Don Kíkóta* er eftir einn mikilvirtasta rithöfund 16. aldar, Miguel de Cervantes Saavedra, og fjallar um vitfirrtan riddara. Bókin skipar veigamikinn sess í spænskri bókmenntahefð og telst meðal helstu bókmenntaafreka heims.

Federico García Lorca skrifaði *Sígaunaljóðin* á tímum mikilla umbreytinga á Spáni og er eitt þekktasta skáld Spánverja á 20. öldinni. Á þeim tíma má segja að spænskir rithöfundar hafi farið að þróa sinn eigin persónulega stíl í stað þess að fylgja einhverri hreyfingu. Skáldsögur urðu hvað vinsælastar og félagsleg málefni voru helsta umfjöllunarefnið, þá sérlega þau sem tengdust daglegu lífi á tímum spænsku borgarastyrjaldarinnar (1936-1939) og lífinu undir einræðisstjórn Francos, sem tók við.

Í dag býr Spánn yfir bókmenntum á fjórum tungumálum, sem er í samræmi við stjórnarskrá þingsins eftir tíð Francos, en frá 1978 voru tungumál Katalóníu, Baskalands og Gallíu kennd aftur í skólum. Eftir miklar umbreytingar úr einræði í lýðræði var ritskoðun efnis hætt og forboðið umfjöllunarefni frá tímum einræðis kom fram í dagsljósið, þ.e. dramatík, háð og lífæni sem ekki hafði hlotið náð fyrir augum ritskoðara.

Nokkrir vinsælustu rithöfundar Spánar í dag:

Carlos Ruiz Zafón (1964-). Bækur hans eru fantasíur sem gerast oftast en ekki á sögulegum tímum í heimaborg hans Barcelona, eins og þrileikurinn *Skuggi vindsins* (2005), *Leikur engilsins* (2009), og *Fangi himinsins* (2014).

Ana María Matute (1926-2014). Skrif hennar einkenndust gjarnan af upplifun hennar og reynslu af spænsku borgarastyrjöldinni. Bókin *Skólaus á öðrum fæti* (2013) er tvímála útgáfa á íslensku og spænsku.

Javier Marías (1951-) fléttar oft undirferli, svik, ást og fjarstæða vitneskju í sögur sínar. Nefna má verðlaunaskáldsöguna *Ástir* (2012).

Arturo Pérez-Reverte (1951-) skrifar sögulegar skáldsögur. Meðal bóka hans sem komið hafa út á íslensku eru *Dumasarfélagið* (2003) og *Refskák eða Bríkin frá Flandri* (1996).

Ildefonso Falcones (1958-) er þekktur fyrir að byggja skáldverk sín á sögulegum grunni. *Kirkja hafsins* (2009) er fyrsta bók hans og gerist í Barcelóna á tímum hins illræmda spænska Rannsóknarréttar, og naut strax mikilla vinsælda.